

# **Samningur**

## **um framkvæmd sóknaráætlunar**

### **Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum árið 2013**

Samningur þessi byggir á stefnumótun og markmiðum Íslands 2020. Sóknaráætlanir landshluta eru samskiptaás milli ríkis og sveitarfélaga sem er ætlað að einfalda og efla samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu fjárveitinga úr ríkissjóði sem ekki fara til lögbundinna verkefna í landshlutum.

Markmið sóknaráætlana er að ráðstöfun þeirra fjármuna sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnumála, byggða- og samfélagsþróunar byggi á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem fram koma í sóknaráætlun landshlutans og fari um einn farveg samkvæmt fjárlögum 2013. Grunnstoðir nýrrar stefnumótandi byggðaáætlunar 2014-2017 verði sóknaráætlanir allra landshluta.

Á vegum allra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga starfar samráðsvettvangur sem nefnist stýrinet Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta, hér eftir nefnt stýrinet. Stýrinet eru skilgreind sem all stöðugt, samhæft ferli samvinnu og samskipta, sem stefnumótandi aðilar taka þátt í. Forsenda samnings þessa er það samráð sem fram hefur farið á ofangreindum vettvangi og gerir fjármála- og efnahagsráðuneytið samninginn á grundvelli þess.

#### **1. Samningsaðilar**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, með vísan til heimilda í fjárlög fyrir árið 2013 og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, kt. 640479-0279, með vísan til heimildar í 3. mgr. 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, í samningi þessum nefnd landshlutasamtök, gera með sér svofclldan samning um framkvæmd verkefna í sóknaráætlun landshlutans.

Landshlutasamtökin starfa samkvæmt samþykktum aðildarsveitarfélaga og að öðru leyti í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig eftir því sem við á, lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

#### **2. Samningsfjárhæðir**

- 2.1. Framlag ríkisins árið 2013 til allra sóknaráætlana er samkvæmt fjárlögum alls 400 m.kr. og fer ákvörðun um skiptingu þess fjár á milli landshluta samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar frá 27. nóvember 2012.
- 2.2. Til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum renna á árinu 2013 kr. 45.270.000 af fjárlagalið 09-992.
- 2.3. Framlög skv. samningnum eru endanlega ákvarðaðir styrkir til viðkomandi verkefna (sbr. kafla 3). Styrkirnir eru afturkræfir hafi verkefni ekki verið framkvæmd að hluta eða öllu leyti eða kröfur ekki uppfylltar.

#### **3. Verkefni**

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur forgangsraðað fjármunum til eftirfarandi fjórtán verkefna sem hér segir:



1

| <b>Heiti verkefnis</b>                                  | <b>Fjárframlag af samningi þessum</b> |
|---|---------------------------------------|
| 1. Rannsókn og greining á áhrifum stóriðju á samfélagið | 3.000.000 kr.                         |
| 2. Efling fullvinnslu á sjávarfangi                     | 5.000.000 kr.                         |
| 3. Styrking flugvallarins og tengdrar starfsemi         | 5.000.000 kr.                         |
| 4. Heilsutengd þjónusta                                 | 5.000.000 kr.                         |
| 5. Starfsgreinakynning fyrir 9. og 10. bekk             | 1.000.000 kr.                         |
| 6. Greining tækifæra í fjarnámskennslu á háskólastigi   | 1.200.000 kr.                         |
| 7. Samstarfsvertvangur námsráðgjafa í grunnskólum       | 600.000 kr.                           |
| 8. Efling skapandi smiðja fyrir ungt fólk               | 2.200.000 kr.                         |
| 9. Skilgreining menntastofnana                          | 1.500.000 kr.                         |
| 10. Efling tónlistahefðar á Suðurnesjum                 | 3.000.000 kr.                         |
| 11. Sameining, samstarf í stjórnsýslu                   | 3.000.000 kr.                         |
| 12. Bætt ímynd og efling sjálfsmynadar                  | 9.770.000 kr.                         |
| 13. Efla vitund um umhverfis- og vottunarmál            | 1.000.000 kr.                         |
| 14. Upplýsingamiðlun til ferðamanna                     | 4.000.000 kr.                         |
| <b>Samtals</b>  | <b>45.270.000 kr.</b>                 |

Í viðauka I er sóknaráætlun landshlutans í heild sinni.

#### 4. Ábyrgð styrkþega

- 4.1. Landshlutasamtökum bera ábyrgð á þeim verkefnum sem samningur þessi tekur til og að þau fullnægi kröfum um gæði og fagmennsku.
- 4.2. Landshlutasamtökum bera ábyrgð á skuldbindingum sem þau stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.3. Landshlutasamtökunum er óheimilt að:
  - 4.3.1. afhenda réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 4.3.2. setja fjármuni sem þeim eru veittir samkvæmt grein 2.2. til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.
  - 4.3.3. ráðstafa fé sem greitt er vegna samnings þessa til annars en þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum nema að höfðu samráði við samningsaðila.

#### 5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 5.1. Fjármála- og efnahagsráðuneytið skal greiða landshlutasamtökunum framlag ársins 2013 sem hér segir:

-Við undirskrift samningsins greiðast 40% framlags.  
 -Hinn 1. október 2013 greiðast 40% framlags. Forsenda þeirrar greiðslu er að fyrir liggi mat stýrinets á að framvinda verkefna innan sóknaráætlunar landshlutans teljist viðunandi. Sjá viðauka II.  
 -Lokagreiðsla framlags, 20%, greiðist í kjölfar staðfestingar stýrinets til fjármála- og efnahagsráðuneytis þess efnis að landshlutasamtokin hafi staðið við skilyrði samnings þessa á grundvelli greinargerðar um framkvæmd sóknaráætlunar ársins 2013 og skilað endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri eigi síðar en 1. september 2014. Forsenda lokagreiðslu er að landshlutasamtokin hafi uppfyllt skilmála fjárveitingarinnar og ákvæði samnings þessa.

- 5.2. Eigi landshlutasamtokin í viðskiptum við lögaðila sem þau eiga eignarhluta í eða eru í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þeirra, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.



## **6. Upplýsingar, samskipti og eftirlit**

- 6.1. Fjármála- og efnahagsráðuneytið felur stýrinetu eftirlit og umsýslu með samningi þessum á grundvelli yfirlýsingar. Sjá viðauka II.
- 6.2. Fulltrúar stýrinetsins og landshlutasantakanna skulu funda í september 2013 um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar og verkefnayfirlits.
- 6.3. Landshlutasantökkin skila stýrinetu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 6.4. Landshlutasantökkin veita stýrinetu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits og umsýslu með framkvæmd samningsins, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjöldum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 6.5. Samning þennan, ársreikning landshlutasantakanna, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef landshlutasantakanna jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Stýrinetu er heimilt að birta gögnin á vefsíðum Stjórnarráðsins.
- 6.6. Landshlutasantökkin skulu setja á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir samningsins, svo sem upplýsingar um framvindu verkefna, skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.
- 6.7. Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengjast verkefnum þessa samnings skal koma fram að þau eru hluti af sóknaráætlun landshlutans og á ábyrgð landshlutasantakanna.

## **7. Vanefndir og meðferð ágreinings**

- 7.1. Landshlutasantökkin tilkynna stýrineti tafarlaust ef þau telja vafa leika á um að þau geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum. Jafnframt skulu landshlutasantökkin greina frá þeim úrræðum sem þau hyggjast grípa til.
- 7.2. Komi til þess að einstök verkefni sóknaráætlunar landshlutans hefjist ekki fyrir 1. september 2013 skulu landshlutasantökkin gera grein fyrir ástæðum þess ásamt fyrirhuguðum viðbrögðum á fundi beggja samningsaðila í september (sbr. gr. 6.2). Falli verkefni niður rennur áætlað fjármagn til verkefnisins aftur til fjármála- og efnahagsráðuneytis.
- 7.3. Uppfylli landshlutasantökkin ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er fjármála- og efnahagsráðuneytinu heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og eða endurkrefja um greiðslur sem þegar hafa runnið til landshlutasantakanna enda hafi ekki tekist að jafna ágreining á milli samningsaðila.
- 7.4. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 7.5. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.





3

## **8. Gildistími og lok samnings**

- 8.1. Samningurinn gildir til 1. maí 2014.
- 8.2. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara. Skulu samningsaðilar þá semja um uppgjör með hliðsjón af ákvæðum greina 7.2 og 7.3.
- 8.3. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík 22. mars 2013

  
Fjármála- og efnahagsráðherra

  
Formaður stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

## **Viðauki I**

### **Sóknaráætlun landshluta**

## Viðauki II

### Yfirlýsing um ábyrgð og hlutverk stýrinets Stjórnarráðsins um framkvæmd og eftirfylgni samninga um sóknaráætlunar landshluta árið 2013

Á vegum allra ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga starfar samráðsvettvangur sem nefnist stýrinet Stjórnarráðsins um sóknaráætlunar landshluta. Stýrinetið hefur haft veg og vanda að undirbúningi sóknaráætlana landshluta 2013. Innan stýrinetsins fer fram samhæft ferli samvinnu og samskipta um framkvæmd sóknaráætlana landshluta.


Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur undirritað samninga um framkvæmd sóknaráætlana við átta landshlutasamtök sveitarfélaga. Samningarnir byggja á sóknaráætlun hvers landshluta og þeirri stefnumörkun og samráði sem stýrinetið hefur átt við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, með vísan til heimilda í fjárlögum fyrir árið 2013, felur stýrineti Stjórnarráðsins um sóknaráætlunar landshluta umsjón og eftirlit með samningum þeim sem ráðuneytið hefur gert við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Umsjónar- og eftirlitshlutverk stýrinetsins felst í eftirtöldu:

- Funda með forsvarsmönnum landshlutasamtaka í september 2013 um framkvæmd samningsins á grundvelli sóknaráætlunar.
- Skila stuttri greinargerð til fjármála- og efnahagsráðuneytis þar sem fram komi mat á framkvæmd samninga ásamt tillögugerð um útborgun 40% framlags til viðkomandi landshlutasamtaka þann 1. október 2013.
- Meta, með hliðsjón af framvindu, hvort staðið hafi verið við samningsákvæði og ráðleggja fjármála- og efnahagsráðuneytinu hvort lokagreiðsla samningsfjárhæðar (20%) geti farið fram.
- Móttaka og yfirfara greinargerð landshluta um framkvæmd sóknaráætlunar ásamt fjárhagslegu uppgjöri. Framangreind greinargerð skilist eigi síðar en í september 2014.
- Skila greinargerð til fjármála- og efnahagsráðuneytisins í október 2014 með lokamati stýrinetsins á framkvæmd hvers samnings.
- Hafa almennt samráð og samskipti um framkvæmd samninga og fylgja eftir öðrum ákvæðum samninganna um skil og upplýsingagjöf.

Reykjavík 22. mars 2013

  
Fjármála- og efnahagsráðherra